

# Skipulag náttúruferðamennsku með hliðsjón af viðhorfum ferðamanna

Anna Dóra Sæþórsdóttir\*

## ÁGRIP

Í þessari grein eru bornar saman skoðanir ferðamanna á sex náttúruskóðunarstöðum hér á landi; Mývatnssveit, Þjóðgördunum í Skaftafelli og Jökulsárgljúfrum og hálandisstöðunum Landmannalaugum, Langasjó og Lónsöræfum. Varpað er ljósi á þann breytileika sem er í ferðamennsku á þessum svæðum og náttúruupplifun gestanna. Greint er frá hvaða ferðamenn sækja staðina heim og borin saman ferðahegðun þeirra er, ánægja og óskir um uppbyggingu og þjónustu. Jafnframt er leitast við að sýna hvernig hægt er að nota rannsóknir sem þessar, hugmyndafræðina sem liggur að baki hugtakinu þolmörk ferðamennsku, afþreyingarrófið og viðhorfskvarðann við skipulag náttúruferðamennsku og markaðssetningu á hinum ólíku ferðamannastöðum. Niðurstaðan er að þessi líkön geti nýst vel til að skipuleggja náttúruferðamennsku hér á landi. Með hjálp viðhorfskvarða og afþreyingarrófsins má t.d. sjá að fyrir þau svæði hálandisins þar sem litlu hefur verið raskað eru náttúrusinnar sá markaðshluti sem býður upp á mesta möguleika sem markhópur. Ánægja þeirra eykst ekki með því að byggja staðina frekar upp og auka þjónustuna, heldur með því að halda svæðunum eins náttúrulegum og kostur er. Ferðamannastaðir í byggð eiga aftur á móti að gera enn betur en nú er gert og bæta þjónustu og innviði til að mæta kröfum þeirra sem þangað koma.

**Lykilorð:** Náttúruferðamennska, náttúrusinnar, þjónustusinnar, viðhorfskvarði, afþreyingarróf, þolmörk ferðamennsku.

## ABSTRACT

### *The planning of nature based tourism with regard to tourist attitudes*

This paper compares the opinions of tourists at six nature destinations in Iceland; at Mývatn, the national parks Skaftafell and Jökulsárgljúfur and the highland destinations Landmannalaugar, Langisjó and Lónsöræfi. The focus is on the variability in tourism at these destinations and how the visitors experience nature differently. The study analyzes which types of tourists visit the different areas, the travel patterns are examined, their wishes for infrastructure are compared, and their satisfaction with available services is analyzed. On this basis, and using the concept of Tourism Carrying Capacity, the Recreation Opportunity Spectrum, and the ideology of the Purist Scale, suggestions are put forward about how to plan and market nature tourism for the various destinations. The conclusion is that these methods can be useful when planning nature tourism in Iceland. For example, they show that in those parts of the highlands where few changes have been made to the natural environment, purists are the natural target group. Their satisfaction does not increase with more infrastructure and services; on the contrary they prefer to travel in as natural an environment as possible. Travel destinations in the lowland areas should on the other hand invest further in infrastructure and services, thereby catering better for the needs of the urbanists that visit them.

**Keywords:** Nature-based tourism, purists, urbanists, purist scale, recreation opportunity spectrum, tourism carrying capacity.

## INNGANGUR

Íslensk ferðaþjónusta hefur um langa hríð notað náttúruna í kynningu og sölu á landinu. Markaðsátök og slagorð eins og „Iceland naturally“, „Nature the Way Nature Made It“ og „Pure, Natural, Unspoiled“ gefa til kynna mikilvægi náttúrunnar í markaðssetningu. Jafnframt að reynt sé að skapa þá ímynd af landinu að hér sé hrein og óspillt náttúra. Þetta er gert í þeirri trú að markaðurinn fyrir hreina,

upprunalega og villta náttúru sé stór og að sérstaða landsins liggja í því. Kannanir Ferðamálastofu meðal erlendra ferðamanna sýna glögglega að vel hefur tekist en 76% af þeim 350 þúsund gestum sem komu til landsins árið 2005 koma til að upplifa náttúruna (Ferðamálastofa 2006).

Undanfarin misseri hafa ýmsir aðilar sem þurfa mikið land undir starfsemi sína lagt fram áætlanir um nýtingu lands til þeirrar

\* Jarð- og landfræðiskor, Háskóli Íslands, 101 Reykjavík; annadora@hi.is

starfsemi sem þeir stunda. Dæmi um áætlanir sem unnar eru af stjórnvöldum á landsvísu og varða landnotkun eru t.d. landgræðsluáætlun, náttúruverndaráætlun, samgönguáætlun og Rammaáætlun um nýtingu vatns- og jarðvarma í landinu. Í þeim eru settar fram hugmyndir um nýtingu lands með það að leiðarljósi að hagsmunum viðkomandi starfsemi sé sem best borgið. Ferðaþjónustan notar mikið land undir athafnir sínar en greinin hefur ekki sett fram sambærilega landnýtingaráætlun. Nýlega kom þó út Ferðamálaáætlun 2006–2015. Þar er ekki lögð til eða mótuð landnýtingaráætlun fyrir greinina, en nefnt að eitt af meginmarkmiðum sé að „álagi vegna ferðaþjónustu verði jafnað á landið og íbúa þess og verði innan þolmarka í samræmi við niðurstöður rannsókna“ (Samgönguráðuneytið 2005, 8).

Aðdráttarafl náttúruskoðunarstaða er margs konar og hafa ferðamenn ólíkar óskir og kröfur til þeirra svæða sem þeir ferðast um. Sumum ferðamönnum finnst breytingar á náttúruskoðunarstöðu ekki tiltökumál, hvort sem um er að ræða byggingar, vegi eða upplýsingaskilti. Slíkt getur hins vegar spillt upplifun annarra á staðnum, jafnvel það mikið að þeir hætti að koma á staðinn. Ferðamenn hafa því ólíkar skoðanir á því hvaða aðstaða og uppbygging er æskileg, bæði almennt og á einstökum svæðum, og ljóst er að ekki er mögulegt að gera öllum til hæfis alls staðar (Buhalis 2000). Til þess að staðir séu samkeppnishæfir er nauðsynlegt að greina hvaða ferðamenn þeir laða að sér eða geta hugsanlega laðað að sér (Buckley og Papadopoulos 1986; Mohsin 2005) og haga uppbyggingu og þróun staðanna í ljósi þess. Greining á ferðamönnum gerir markaðsaðgerðir skilvirkari, þar sem tíma og fjármunum er þá ekki eytt í að reyna að fá ferðamenn á staðinn sem hafa ekki áhuga á honum eða kunna ekki að meta ágæti hans (Buhalis 2000). Hægt er að nota ýmsar breytur við að greina ferðamenn, svo sem tegund ferða (hóperð, einstaklingsferð), einkenni ferðamanna (þjóðerni, aldur, kyn) og viðhorf þeirra til ýmissa þátta. Við

skipulagningu ferðamennsku á víðernum og náttúruverndarsvæðum í Norður-Ameríku og á Norðurlöndunum hefur verið farin sú leið að greina ferðamenn í hópa út frá viðhorfum þeirra til umhverfis og eiginleika ferðamannastaða. Hefur sérstakt mælitæki, „Purist Scale“, verið þróað til þess (sjá t.d. Hendee o.fl. 1968; Stankey 1973; Wallsten 1988; Vistad 1995; Fredman og Emilin 2001) og er í þessari umfjöllun er talað um það sem *viðhorfskevarðann*. Anna Dóra Sæþórsdóttir (2005) hefur beitt þessari aðferð við greiningu ferðamanna hér á landi og er stuðst við niðurstöður þeirrar greiningar hér á eftir.

Ein af þeim aðferðum sem hefur verið notuð erlendis í stefnumótunar- og skipulagsvinnu á ferðamanna- og útivistarsvæðum er *afþreyingarrófið* (Recreation Opportunity Spectrum). Það felst í flokkun útivistarsvæða í sex flokka eftir því hversu náttúrulegt eða manngert umhverfi þeirra er og hefur hver þeirra ákveðin þolmörk. Í aðferðinni er gert ráð fyrir mismikilli uppbyggingu eftir því hvers konar ferðamennska hentar náttúrulegu umhverfi hvers staðar og eftir þeirri upplifun sem leitast er eftir að bjóða ferðamönnum (Stankey 1982; Wallsten 1985, 1988).

Í þessari grein er fjallað um ferðamennsku á sex ólíkum náttúruskoðunarstöðum hér á landi. Þeir eru Mývatnssveit, Þjóðgarðarnir Skaftafell og Jökulsárgljúfur og hálendisstaðirnir Landmannalaugar, Langisjór og Lónsöræfi. Greinin byggir á rannsóknum sem unnar voru í tengslum við verkefnið „Þolmörk ferðamannastaða á Íslandi“ (sjá Anna Dóra Sæþórsdóttir 2001, 2002, 2003, 2004). Hér eru bornar saman niðurstöður frá athugunarsvæðunum sex með það að markmiði að varpa ljósi á þann breytileika sem er í ferðamennsku og náttúruupplifun gestanna á þessum svæðum. Greint er frá hvaða ferðamenn sækja staðina heim og hvernig ferðahegðun þeirra er, hversu ánægðir þeir eru og hvaða óskir þeir hafa um uppbyggingu og þjónustu. Jafnframt er leitast við að sýna hvernig hægt er að nota rannsóknir sem

þessar, hugmyndafræðina sem liggur að baki hugtakinu þolmörk ferðamennsku, afþreyingarrófið og viðhorfskvarðann sem metur viðhorf ferðamanna til umhverfis og eiginleika ferðamannastaða við skipulag náttúruferðamennsku og markaðssetningu á hinum ólíku ferðamannastöðum.

### AFÞREYINGARRÓFIÐ, VIÐHORFSKVARÐINN OG ÞOLMÖRK FERÐAMENNSKU

Í afþreyingarrófinu er gengið út frá þeim forsendum að ferðamenn séu mismunandi og sækist eftir fjölbreytilegri upplifun. Þær upplifanir fást í mismunandi umhverfi, en ekkert svæði getur, eða á, að bjóða upp á allt fyrir alla. Samkvæmt Wallsten (1985) eiga því stjórnendur ferðamannastaða alls ekki að gera tilraun til að gera öllum ferðamönnum til hæfis, heldur huga að sérstöðu sinni og miða að því að uppfylla óskir þeirra ferðamanna sem adhyllist ákveðna ferðamennsku og upplifun í sátt við umhverfi viðkomandi svæðis.

Skilgreindir hafa verið nokkrir flokkar útivistarsvæða eftir því hversu náttúrulegt eða manngert umhverfið er (mynd 1). Manngerðustu svæðin eru gardar og útivistarsvæði í borgum en þau sem mannshöndin hefur að mestu látið óáreitt eru víðerni.

Með tilliti til afþreyingarrófsins setja stjórnendur fram markmið fyrir svæði með tilliti til þess umhverfisins og þeirrar

upplifunar sem ferðamenn eiga að geta notið. Í því samhengi er oft litið til hugtaksins *þolmörk ferðamennsku*, sem er sá fjöldi gesta sem getur komið á svæði áður en neikvæðra áhrifa fer að gæta á náttúrulegt umhverfi eða upplifun manna (Martin og Uysal 1990). Þolmörk ferðamanna gagnvart breytingum á umhverfinu ráða því þar með hvert þeir leita. Gengið er út frá því að í skipulagi og uppbyggingu sé fyrst og fremst tekið tillit til þeirra hópa sem hafa sama markmið með heimsókn sinni og stjórnendur svæðisins hafa sett fyrir svæðið (Wallsten 1988). Þannig er hverjum af þessum sex flokkum afþreyingarrófsins ánaðnað ákveðnum þolmörkum af stjórnendum svæðanna en með því er búið að leggja línurnar fyrir hvers konar ferðamenn og ferðamennsku viðkomandi svæði er ætlað og hvers konar upplifun því er ætlað að veita.

Viðhorfskvarðinn greinir ferðamenn í hópa út frá viðhorfum þeirra til umhverfis og eiginleika ferðamannastaða. Atriði sem notuð eru í slíkri greiningu snúa að því hversu mikla uppbyggingu ferðamenn kjósa á ferðalögum sínum, hve mikla breytingu þeir þola á umhverfinu og hversu marga aðra ferðamenn þeir telja æskilega á sömu slóðum og þeir eru. Í ljósi afstöðu sinnar er gestum ráðað á viðhorfskvarðann og þeim skipað í hópana *miklir náttúrusinnar* (e. strong purists), *náttúrusinnar* (e. moderate purists), *almennir ferðamenn* (e. neutralists) og *þjónustusinnar* (e. non purists).

	Að mestu	Að mestu		Svæði sem	Útivistarsvæði
Víðerni	ósnotin svæði, vélvædd umferð ekki leyfð	ósnotin svæði, vélvædd umferð leyfð	Aðgengileg náttúrusvæði	Einkennast af landbúnaðarlandslagi	í borgum og þéttbýli



Mynd 1 Róf afþreyingarmöguleika. (Heimild: Wallsten 1988, með breytingum höfundar.)

## RANNSÓKNARSVÆÐIN

Þær breytur sem liggja flokkum afþreyingarrófsins til grundvallar eru fyrst og fremst hversu náttúruleg/manngerð svæði eru og hversu auðvelt er að komast að þeim og um þau. Þau svæði sem eru til skoðunar í rannsókn þessari voru því valin með það að leiðarljósi að spanna nánast allt rófið.

Landmannalaugar, Langisjór og Lónsöræfi eru á hálendinu en hinir þrír staðirnir í byggð. Lónsöræfi – eða Stafafellsfjöll, samkvæmt málvenju í Lóni – eru aðeins aðgengileg þeim sem eru á jeppa og fótgangandi. Til þess að komast inn á hinar víðáttumiklu óbyggðir í Stafafellsfjöllum þarf að fara yfir Skyndidalsá, sem er óbrúuð og oft varasöm yfirferðar. Akstursleiðin að Langasjó er einnig aðeins fyrir jeppa og þaðan í Hólaskjól er að mestu farið um ósnortin svæði, en jeppaslóðar liggja að þeim fjallaskálum sem þar eru. Einn af fjórum vegum sem liggja inn til Landmannalauga er fólksbílafær en engu að síður eru öræfin eflaust huglægur farartálmi fyrir einhverja.

Ekki er á færi allra að ganga um þessi svæði. Í Lónsöræfum og Landmannalaugum er land erfitt yfirferðar, sundurskorið af giljum með bröttum líparítskriðum. Aðkoma í Lónsöræfi takmarkar strax hverjir koma þangað. Vegslóðin endar á Illakambi og til að komast í Múlaskála þarf að ganga niður Illakamb og er aðeins fyrir fótlima að komast þar niður. Þeir ferðamenn sem ganga á milli Langasjávar og Hólaskjól þurfa að geta gengið langar leiðir á milli fjallaskála og vaðið vatnsmiklar ár. Á fyrrnefndum hálendissvæðum er lítið um merktar gönguleiðir.

Í Þjóðgördunum og Mývatnssveit er hins vegar talsvert um göngustíga og fjöldi merktra gönguleiða. Þjóðvegur liggur í gegnum Mývatnssveit og að Þjóðgördunum tveimur og svæðin því aðgengileg langflestum.

Sú þjónusta og aðstaða sem ferðamönnum stendur til boða er einnig mjög

svo mismunandi. Í Mývatnssveit eru allar tegundir gistirýmis; hótél, gistiheimi, farfuglaheimili og tjaldsvæði. Þar eru auk þess verslanir og veitingastaðir. Innan Þjóðgardanna er aðeins hægt að gista í tjöldum, en í næsta nágrenni er fjölbreytt úrval gististaða, verslana og veitingastaða. Jafnframt er boðið upp á ýmiss konar afþreyingu á þessum stöðum. Úrvalið er mest í Mývatnssveit en minna í Þjóðgördunum.

Á hálendissvæðunum eru fjallaskálar og tjöld einu gistimöguleikarnir, nema menn aki töluverðar vegalengdir. Skálinn í Landmannalaugum er stærstur og best útbúinn en fjallaskálarnir á gönguleiðinni Langisjór–Hólaskjól eru litlir og einfaldir. Vatnssalerni og sturtur eru í Landmannalaugum en kamrar á hinum stöðunum. Í Landmannalaugum er á sumrin rekin verslun, kaffihús og hestaleiga.

Stórbrotin náttúra setur svip sinn á landslagið á öllum þessum svæðum. Ekkert þeirra er fullkomlega „ósnortið víðerni“ samkvæmt ströngustu skilgreiningu hugtaksins. Hins vegar er friðland á Lónsöræfum ósnortið víðerni ef miðað við þá skilgreiningu sem er í íslenskum náttúruverndarlögum (Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd) og fellur því í 1. flokk afþreyingarrófsins. Langisjór–Hólaskjól og Landmannalaugar falla á milli 2. og 3. flokks, þar sem svæðin eru að mestu ósnortin en hægt er að aka að fjallaskálum sem þar eru. Mikill munur er hins vegar á þessum svæðum, eins og áður hefur komið fram, þar sem mun meiri uppbygging og þjónusta er í Landmannalaugum. Þjóðgarðarnir falla í fjórða flokk, aðgengileg náttúruleg svæði, þó svo að þar megi finna minjar um búsetu fyrri tíma. Í Mývatnssveit er blómleg byggð og fjölbreytt landnýting sem einkennist af landbúnaðar- og jafnvel iðnaðarlandslagi og tilheyrir 5. flokki afþreyingarrófsins. Í rannsókninni voru ekki skoðuð útivistarsvæði í þéttbýli og því ekkert svæði í 6. flokki afþreyingarrófsins.

## AÐFERÐIR

Gagnasöfnun fór fram sumrin 2000 og 2001, þegar spurningarlistar voru lagðir fyrir ferðamenn. Spurningarnar á voru ensku, þýsku og frönsku, auk íslensku. Svör fengust frá 3180 gestum (tafla 1). Spyrjar voru ýmist einn, tveir eða þrír að störfum á hverjum stað. Flest svör fengust frá þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum eða 1111. Á bilinu um 750 til um 500 svör fengust frá Mývatnssveit, þjóðgarðinum í Skaftafelli og Landmannalaugum. Tæplega 100 gestir Lónsöræfa svöruðu listanum og 19 svör fengust frá gönguhópi við Langasjó. Í umfjölluninni hér á eftir er vert að hafa í huga smæð úrtaksins við Langasjó.

Í þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum var spurningalistunum dreift á bíla- og tjaldstæðum við Ásbyrgi og Vesturdal og við Dettifoss. Í þjóðgarðinum í Skaftafelli var spyrill við þjónustumiðstöðina og fór auk þess um tjaldstæðin á kvöldin. Í Mývatnssveit var spyrill á bílastæðinu við Dimmuborgir. Í Landmannalaugum var spurningalistum dreift við skála Ferðafélags Íslands og á tjald- og bílastæðinu. Spyrill var við Múlaskála í friðlandinu í Lónsöræfum. Sjötta svæðið er ekki fullkomlega sambærilegt við fyrrnefnda staði, því þar er um að ræða svör frá gönguhópi á vegum ferðafélagsins Útvistar sem gekk frá Langasjó, um Sveinstind, Skælinga, Eldgjá og að Hólaskjóli. Í umfjölluninni hér á eftir verður talað um Langasjó þegar gerð er grein fyrir svörum þeirra. Á hinum stöðunum var dvalið í viku og var leitast eftir að vera um háannatíma ferðaþjónustunnar á

hverjum stað. Ljóst er að heppilegast hefði verið að ná slembiúrtaki sem dreifdist jafnt yfir sumarið á hverjum stað, en fjárhagslegur rammi rannsóknarinnar bauð ekki upp á það. Sárafaír neituðu að taka þátt. Nokkrir hópar ferðamanna höfðu þó ekki tíma til að svara á staðnum. Í þeim tilvikum voru leiðsögumenn, fararstjórar eða bílstjórar beðnir um að taka spurningalista með í rútuna og senda svo til baka, sem þeir og gerðu.

Á spurningalistunum sem lagðir voru fyrir ferðamenn í Skaftafelli, Landmannalaugum, Lónsöræfum og við Langasjó voru 32 spurningar, sem reyndist vera of mikið því var spurningum fækkað og voru 19 spurningar lagðar fyrir gesti Jökulsárgljúfurs og Mývatnssveitar. Spurningarnar má greina í eftirfarandi 5 flokka.

1. Almennar spurningar um aldur, kyn og búsetu.
2. Spurningar sem varða dvölinu á staðnum og fyrri heimsóknir, þ.e.a.s. ferðamáta, athafnir og hvaða staðir voru skoðaðir innan svæðisins.
3. Opnar spurningar fyrir athugasemdir gesta, t.d. hvað veki sérstaka ánægju eða óánægju þeirra.
4. Spurningar sem gefa til kynna viðhorf gesta til innviða, aðstöðu, annarra ferðamanna og ástands svæðanna.
5. Spurningu í 14 liðum, sem er grunnurinn að því að geta rætt gestum á viðhorfskvarðann og greint þá í náttúrusinna, almenna ferðamenn og þjónustusinna. Þessi spurning byggir á aðferðum Stankey (1973) og Wallsten (1988).

Gögnin voru greind með hjálp tölfræðiforríttisins SPSS og eru settar fram tíðnitöflur til að lýsa helstu einkennum ferðamennsku á athugunarsvæðunum sex. Notaður var 5 stiga Likert-kvarði fyrir þær spurningar er snertu viðhorf gesta, reiknuð meðaltöl fyrir hvert atriði fyrir sig og síðan notuð einhliða dreifgreining (e. one-way ANOVA) til að kanna hvort tölfræðilega marktækur munur væri á meðaltölum þessara sex athugunarsvæða. Sums staðar

Tafla 1 Stærð og skipting úrtaks.

	N	%
Langisjór	19	0,6
Lónsöræfi	95	3,0
Landmannalaugar	546	17,2
Skaftafell	662	20,8
Mývatnssveit	746	23,5
Jökulsárgljúfur	1111	34,9
Alls	3180	100

var gripið til t-prófs til að greina gögnin nánar, þ.e.a.s. til að kanna hvort munur væri á milli einstakra tveggja staða.

Við lesturinn verður að hafa í huga að með því að reikna meðaltöl af skoðunum ferðamanna tapast ýmsar upplýsingar, enda viðhorf gesta til hinna ýmsu málefna margbreytileg og nauðsynlegt að gera sér grein fyrir margvíðu eðli langana og viðhorfa þeirra. Lesandinn verður því að vera meðvitauður um að með því að álykta út frá meðaltölum er verið að fela breytileika sem kann að finnast í gögnunum. Ef ætlunin er að nota gögnin sem rannsóknin byggir á í skipulagningu einstakra svæða er nauðsynlegt að greina þau mun nánar en hér er gert. Það er hægt að gera á ýmsan hátt, svo sem með því að greina niðurstöðurnar eftir þjóðernum, eftir því hvort svarendur eru á eigin vegum eða í skipulagðri hópferð, hvort þeir séu með börn í för, hversu löngum tíma þeir eyða á staðnum o.s.frv.

## NIÐURSTÖÐUR

Töluverður munur er á því hvert fólk að ýmsum þjóðernum ferðast á landinu (tafla 2). Íslendingar eru fjölmennastir á óaðgengilegustu svæðunum, þ.e. við Langasjó og Lónsöræfum. Þeir eru jafnframt um þriðjungur gesta í þjóðgördunum í Jökulsárgljúfrum og Skaftafelli. Þeir eru hins vegar hlutfallslega færri í Mývatnssveit og í Landmannalaugum. Þjóðverjar dreifast tiltölulega jafnt um þá náttúruskoðunarstaði sem til athugunar voru. Frakkar eru fjölmennastir í Landmannalaugum, en Norður-Ameríkubúar eru hlutfallslega

fjölmennir í Mývatnssveit og Bretar eru hlutfallslega stór hópur í Lónsöræfum.

Skipting þjóðernis í úrtakinu endurspeglar vel skiptingu eftir ferðamáta (tafla 3). Íslendingar eru fjórðungur í úrtakinu og er fjórðungur ferðamanna á eigin bíl. Tæplega helmingur gesta ferðast um í hópferðabíl, ýmist í skipulögðum ferðum eða á eigin vegum. Fimmtungur ferðast um í bílaleigubílum. Um 10% ganga um landið og hluti þeirra notar hópferðabíl til að komast á milli staða. Þeir sem eru á eigin bíl og á bílaleigubílum eru frekar á láglendinu en göngumenn eru á hálendisstöðunum.

Þeir ferðalangar sem eru í hálendisferðum eru frekar í skipulögðum hópferðum en þeir sem eru á láglendinu (tafla 4). Áberandi fæstir hópferðamenn eru í þjóðgarðinum í Skaftafelli.

Flestir þeirra ferðamanna sem höfðu komið áður á viðkomandi staði voru við Langasjó. Þess ber þó að gæta að þar voru svarendur áttu ekki endilega við að þeir hefðu komið áður að vatninu sjálfu heldur gat verið um að ræða einhvern af þeim stöðum sem komið var við á gönguleiðinni frá Langasjó að Hólaskjóli eins og t.d. í Eldgjá eða Skælingja. Þar fyrir utan höfðu flestir komið áður í þjóðgarðana tvo. Fæstir höfðu hins vegar komið áður í Mývatnssveit og Landmannalaugar. Þetta eru jafnframt þeir staðir sem hlutfall Íslendinga var lægst, sem skýrir að hluta til lágt hlutfall þeirra sem hafa komið þangað áður.

Gestir hálendisins hafa meiri áhuga á að koma þangað aftur en gestir þjóðgarðanna og Mývatnssveitar. Almennt má segja að

Tafla 2 Heimaland svarenda (%).

	Ís-land	Þýska-land	Frakk-land	Hol-land	N-Am.	Bret-land	Norður-lönd	Sviss	Aðrir	Alls
Langisjór	89	0	0	0	0	0	11	0	0	100
Lónsöræfi	51	13	8	9	1	13	0	2	3	100
Landmannalaugar	14	17	27	7	1	2	10	8	13	100
Skaftafell	28	22	7	9	7	8	5	3	11	100
Mývatnssveit	17	19	12	6	10	5	5	7	19	100
Jökulsárgljúfur	30	24	9	6	5	4	3	4	16	100
<i>Meðaltal allra staða</i>	<i>25</i>	<i>21</i>	<i>12</i>	<i>7</i>	<i>6</i>	<i>5</i>	<i>5</i>	<i>5</i>	<i>14</i>	<i>100</i>

Tafla 3 Ferðamáti (%).

	Í hópferðabíl	Á eigin bifreið	Á bíla-leigu-bíl	Í hópferðabíl og gangandi	Gangandi	Annað
Langisjór	0	0	0	100	0	0
Lónsöræfi	14	14	0	52	21	0
Landmannalaugar	50	14	11	15	7	5
Skaftafell	40	31	19	5	1	5
Mývatnssveit	45	21	26	0	4	3
Jökulsárgljúfur	43	32	20	0	2	2
<i>Meðaltal allra staða</i>	<i>43</i>	<i>25</i>	<i>19</i>	<i>6</i>	<i>4</i>	<i>4</i>

Tafla 4 Þátttaka í hópferðum, fyrri heimsóknir og áhugi fyrir að koma aftur (%).

	Skipulögð hópferð	Komið áður á staðinn	Áhugi á að koma aftur
Langisjór	57	23	88
Lónsöræfi	74	42	95
Landmannalaugar	56	20	83
Skaftafell	28	30	74
Mývatnssveit	45	19	72
Jökulsárgljúfur	44	29	76
<i>Meðaltal allra staða</i>	<i>43</i>	<i>24</i>	<i>76</i>

áhugi ferðamanna á þessum stöðum sé mikill því ekki færri en tveir þriðju hlutar gesta vildu heimsækja staðina aftur.

Mest er um dagsgesti í þjóðgörðunum tveimur en tveir þriðju hlutar gesta þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum koma þangað í dagsferð og helmingur gesta í Skaftafelli (tafla 5). Astæða þessa er að hluta til sú að innan þjóðgarðanna er aðeins hægt að gista í tjöldum að undanskildum gististaðnum Bólta í þjóðgarðinum í Skaftafelli. Þeir sem vilja þak yfir höfuðið yfir nóttina þurfa því að fara út fyrir þjóðgarðana og eru því dagsgestir þótt þeir komi jafnvel daginn eftir aftur í garðinn. Algengast er að ferðafólk gisti í Lónsöræfum en erfitt aðgengi að friðlandinu í Lónsöræfum og sá tími sem það tekur að komast þangað, gerir það að verkum að flestir þeir sem koma þangað kjósa að gista. Landfræðilegar aðstæður, ástand innviða og skilgreining svæðanna eru því þættir sem hafa áhrifa á þetta mynstur.

Tölfræðilega marktækur munur er á dvalartíma dagsgesta, fjölda gistinátta og þeim tíma sem gestir eyða í gönguferðir þegar rannsóknasvæðin sex eru borin saman (tafla 5). Gestir dvelja lengst í Lónsöræfum og gildir það einu hvort um er að ræða dagsgesti eða þá sem gista. Gestir Lónsöræfa eyða jafnframt mestum tíma í göngu um svæðið. Landmannalaugar og þjóðgarðurinn í Skaftafell eru einnig vinsæl göngusvæði en athygli vekur að þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum nýtur minnstu vinsælda meðal göngumanna, þrátt fyrir að bjóða upp á fjölbreytta náttúru og gott göngustígakerfi. Dvalartími dagsgesta er jafnframt stystur í þjóðgörðunum tveimur. Í þjóðgarðinum í Skaftafelli eru það einkum hópferðamenn sem staldra stutt við. Sumir koma aðeins við í þjónustumiðstöðinni en aðrir fara í klukkustundargöngu að Svartafossi eða að Skaftafellsjökli. Hluti af skýringunni á stuttum dvalartíma dagsgesta í Jökulsárgljúfrum liggur í því að margir sem

**Tafla 5** Dvalarlengd og lengd gönguferða.\*

	Dag- gestir %	Þeir sem gista %	Dvalartími daggesta klst.	Meðalföldi gistinátta	Meðal göngutími %
<b>Lónsöræfi</b>	22	78	7,15	3,74	18,04
<b>Landmannalaugar</b>	34	66	3,85	2,08	7,61
<b>Skaftafell</b>	51	49	3,22	2,49	6,05
<b>Mývatnssveit</b>	36	64	5,87	2,41	4,72
<b>Jökulsárgljúfur</b>	66	34	3,75	2,02	3,69
<i>Meðaltal allra staða</i>			4,19	2,41	8,86
<i>ANOVA: F</i>			29,285	7,267	63,399
<i>df</i>			4	4	4
<i>p</i>			0,000	0,000	0,000

\* Ekki var spurt um þetta hjá göngumönnum við Langasjó vegna eðlis ferðarinnar.

þangað koma stoppa eingöngu í Ásbyrgi og við Dettifoss. Á þetta sérstaklega við um ferðamenn í skipulögðum hópferðum sem oft koma við í þjóðgarðinum á leiðinni á milli Norður- og Austurlands. Einnig hafa hvalaskoðunarferðir frá Húsavík veitt þjóðgarðinum aukna samkeppni og tekið af þeim tíma sem ferðamenn hafa til ráðstöfunar á norðausturhorni landsins.

Að meðaltali gista ferðamenn fæstar nætur í þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum og í Landmannalaugum en gestir Lónsöræfa gista þar hins vegar flestar nætur.

Þótt séu ferðamenn almennt mjög ánægðir með dvöl sína reynist samt vera tölfraðilega marktækur munur á ánægju þeirra (tafla 6). Mest er um mjög ánægða gesti við Langasjó og í Lónsöræfum, en minnst hjá gestum þjóðgarðsins í Skaftafelli. Göngumenn á leiðinni frá Langasjó voru marktækt ánægðari en aðrir ( $p < 0,005$ ) og ferðamenn í Landmannalaugum reyndust vera ánægðari en gestir þjóðgarðsins í Skaftafelli ( $p = 0,008$ ).

Ánægja gestanna var einkum vegna fegurðar/stórbreytileika náttúrunnar. Fram hefur komið eyða ferðamann skemmi tíma í að ganga um í Skaftafelli en á hinum svæðunum og ná ekki að sjá þá stórbrotnu náttúru sem þjóðgarðurinn skartar. Kann það að vera hluti af skýringunni af því að ánægja er minni þar en annars staðar.

Athygli vekur hópur þeirra sem er mjög óánægður með Lónsöræfi. Um helmingur þeirra nefndi veðrið sem ástæðu fyrir óánægju sinni, en á þeim tíma sem spyrill var að störfum var þoka og úrhellisrigning í tvo daga. Óánægja annarra var vegna þess að Lónsöræfi þóttu verulega erfitt gönguland, enda einkennist það af bröttum líparítskriðum og miklum hæðarmun. Einnig var talsverð óánægja með salernisaðstöðuna, en í friðlandinu eru einungis þurrkamrar. Óánægja gesta Landmannalauga stafaði hins vegar fyrst og fremst af þeim mikla fjölda ferðamanna sem þar er. Í Skaftafelli var aðallega sett út á hreinlætisaðstöðu og fjölda gesta.

Ferðamenn voru spurðir hvort væntingar þeirra hefðu verið uppfylltar með tilliti til náttúrulegs umhverfis annars vegar og þjónustu hins vegar og reyndist tölfraðilega marktækur munur á hvoru tveggja eftir stöðum (tafla 7).

Náttúrulegt umhverfi á gönguleiðinni frá Langasjó að Hólaskjóli er mjög nálægt því að standast fullkomlega væntingar gesta. Landmannalaugar og Lónsöræfi standast einnig mjög vel væntingar manna. Aðstaðan í Skaftafelli fær hins vegar fæst stig.

Væntingunum með tilliti til þjónustu reyndist síður vera fullnægt en væntingum til náttúrulegs umhverfis. Athygli vekur að væntingum er síst mætt í þjóðgarðinum



**Tafla 6** Ánægja ferðamanna með dvölinu á svæðinu (%).

	Mjög ánægður	Óánægður	Hlutlaus	Ánægður	Mjög ánægður	$\bar{X}$
<b>Langisjór</b>	0	0	0	16	84	4,84
<b>Lónsöræfi</b>	14	0	1	15	70	4,28
<b>Landmannalaugar</b>	6	1	5	32	57	4,33
<b>Skaftafell</b>	4	4	11	49	32	4,01
<i>Meðaltal allra staða</i>	<i>6</i>	<i>2</i>	<i>7</i>	<i>39</i>	<i>46</i>	<i>4,15</i>
<i>ANOVA: F</i>						<i>11,39</i>
<i>df</i>						<i>3</i>
<i>p</i>						<i>0,000</i>

Meðaltalið byggir á 5 stiga Likert-kvarða (1 = mjög óánægður ↔ 5 = mjög ánægður).  
Ekki var spurt um ánægju gesta í Mývatnssveit og í Þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum.

**Tafla 7** Væntingar ferðamanna.

	Væntingar uppfylltar með tilliti til náttúrulegs umhverfis	Væntingar uppfylltar með tilliti til þjónustu
	$\bar{X}$	$\bar{X}$
<b>Langisjór</b>	4,84	3,89
<b>Lónsöræfi</b>	4,65	3,68
<b>Landmannalaugar</b>	4,58	3,24
<b>Skaftafell</b>	4,15	3,06
<i>Meðaltal</i>	<i>4,39</i>	<i>3,21</i>
<i>ANOVA: F</i>	<i>4,21</i>	<i>5,29</i>
<i>df</i>	<i>3</i>	<i>3</i>
<i>p</i>	<i>0,006</i>	<i>0,001</i>

Meðaltalið byggir á 5 stiga Likert-kvarða (1 = mjög óánægður ↔ 5 = mjög ánægður).  
Ekki var spurt um ánægju gesta í Mývatnssveit og í Þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum.

í Skaftafelli þótt þar sé þjónustan mest. Má gera því skóna að menn geri meiri kröfur til þjónustu í Þjóðgördum en á ferðamannastöðum á hálendinu.

Svarendur hafa misjafnar skoðanir á því hversu margir ferðamenn teljast hæfilegur fjöldi á hverjum stað og er það breytilegt milli manna og jafnvel hjá sama einstaklingi, allt eftir því hver tilgangur ferðarinnar er. Við einhliða dreifigreiningu kemur í ljós að tölfraðilega marktækur munur er á hvað gestum finnst um fjölda ferðamanna eftir ferðamannastöðum (tafla 8).

Rúmlega 80% ferðamanna í Lónsöræfum, Jökulsárgljúfrum og við Langasjó fannst sá

fjöldi sem þar er vera hæfilegur og reyndist vera marktækur munur á samanburði þeirra og hinna staðanna. Flestir (25%) upplifa of mikið fjölmenni í Skaftafelli og reyndist vera marktækur munur þar á, samanborið við hina staðina. Einnig vekur athygli að ferðamenn í Landmannalaugum upplifa frekar of mikið fjölmenni en ferðamenn í Mývatnssveit ( $t=-2,050$ ,  $p=0,041$ ) þrátt fyrir að mun fleiri gestir komi í Mývatnssveit.

Lýsing á því hvernig ferðamenn skynja umhverfið sem þeir ferðast um var fengin með því að biðja þá um að leggja mat á svæðið með tilliti til andstæðra lýsingarorða og merkja við viðeigandi orð á fimm stiga

**Tafla 8** Viðhorf til fjölda ferðamanna (%).

	Of margir	Hæfilegur	Of fáir	$\bar{X}$
Langisjór	6	88	0	2,93
Lónsöræfi	4	81	4	3,02
Landmannalaugar	20	68	4	2,66
Skaftafell	25	62	4	2,60
Mývatnssveit	20	77	3	2,77
Jökulsárgljúfur	9	84	7	2,98
<i>Meðaltal allra staða</i>	<i>14</i>	<i>77</i>	<i>4</i>	<i>2,83</i>
ANOVA: F				23,25
df				5
p				0,000

Meðaltalið byggir á 5 stiga Likert-kvarða (1 = mjög óánægður ↔ 5 = mjög ánægður).

kvarða. Sem dæmi má nefna. *mjög manngert, manngert, hvorki manngert né náttúrulegt, náttúrulegt* eða *mjög náttúrulegt*. Hvert svar fékk gildi frá einum til fimm og reiknað var út meðaltal fyrir hverja andstæðu. Hæsta mögulega meðaltalsgildi var fimm en lægsta einn. Spurt var um andstæðurnar *manngert–náttúrulegt, hávært–kyrrt, óspillt–spillt* og *sódalegt–hreint*. Tölfræðilega marktækur munur reyndist vera á sýn ferðamanna sem könnun náði til á öllum þessum atriðum eftir stöðum (tafla 9).

Umhverfi þessara staða einkennist að mati ferðamanna frekar af því að vera náttúrulegt en manngert. Þjóðgarðurinn í

Jökulsárgljúfrum og svæðið milli Langasjávar og Hólaskjóls þykja ferðamönnum vera mest náttúrulegu svæðin. Athygli verkur að þjóðgarðurinn í Skaftafelli og hálendisstaðurinn Landmannalaugar þykja mest manngerð og Mývatnssveit þykir jafn manngerð og Lónsöræfi. Hér verður að hafa í huga að mikill munur er á hvernig menn skilja hugtakið *náttúra*. Hugmyndir ferðamannaanna um það hvað felst í hugtakinu eru vísast bæði menningarbundnar og einstaklingsbundnar.

Mesta kyrrðin er að mati ferðamanna í þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum,

**Tafla 9** Skynjun ferðamanna á umhverfinu

	Manngert – náttúrulegt		Hávært – kyrrt		Óspillt – spillt		Sódalegt – hreint	
	$\bar{X}$	s	$\bar{X}$	s	$\bar{X}$	s	$\bar{X}$	s
Langisjór	4,21	0,92	4,63	0,76	1,72	1,02	4,58	0,61
Lónsöræfi	4,16	1,16	4,61	0,73	1,52	0,83	4,65	0,85
Landmannalaugar	3,64	1,36	4,01	1,12	1,87	1,00	4,37	0,91
Skaftafell	3,48	1,28	3,77	1,03	2,12	1,74	4,29	2,61
Mývatnssveit	4,16	1,01	4,35	0,87	2,43	1,26	4,47	0,81
Jökulsárgljúfur	4,33	1,04	4,47	0,82	2,02	1,22	4,70	0,65
<i>Meðaltal allra staða</i>	<i>4,02</i>	<i>1,19</i>	<i>4,24</i>	<i>0,97</i>	<i>2,10</i>	<i>1,31</i>	<i>4,52</i>	<i>1,32</i>
ANOVA: F	48,48		48,40		15,37		8,41	
df	5		5		5		5	
p	0,000		0,000		0,000		0,000	

Meðaltalið byggir á 5 stiga Likert-kvarða (fyrra orð = 1 ↔ seinna orð = 5).

Lónsöræfum og Langasjó. Mestur hávaði þykir vera í Landmannalaugum og Skaftafelli. Hávaði í Skaftafelli þykir jafnframt meiri en í Landmannalaugum. Mývatnssveit þykir mest spillt, marktækt meira en aðrir staðir ( $p < 0,013$ ) en Lónsöræfi og Sveinstindur þykja minnst spillt. Hreinlegast þykir ferðamönnum vera í Jökulsárgljúfrum og Lónsöræfum en sódalegast í Skaftafelli og er þar marktækur munur í samanburði við aðra staði ( $p < 0,055$ ). Þó nokkur breytileiki er á skynjun manna á þessum þáttum. Mestur breytileikinn er í skoðunum ferðamanna í Landmannalaugum á því hversu náttúrulegt umhverfið er og á því hvort þar ríki kyrrð. Hvað varðar hreinlæti og óspillta náttúru er mesti breytileikinn í skoðunum ferðamanna í Skaftafelli.

Ferðamenn voru spurðir að því hvaða mannvirki þeim þættu æskileg eða óæskileg á því svæði sem þeir ferðuðust um (tafla 10). Mest er andstaðan við virkjunarmannvirki, nema í Mývatnssveit þar sem ferðamenn telja þau ásættanleg. Ferðamenn í Mývatnssveit voru hlynntari hvers konar mannvirkjum en aðrir ferðamenn ( $p < 0,037$ ) enda bæði virkjanir og ýmiss önnur mannvirki þar til staðar. Eina undantekningin á þessu eru jákvæð viðhorf ferðamanna við Langasjó til fjallaskála og tjaldsvæða, en þar reyndist þó ekki um marktækan mun að ræða.

Niðurstöður rannsóknarinnar leiða í ljós að ferðamenn á hálendisstöðunum eru almennt meira á móti mannvirkjum, öðrum en fjallaskálum og tjaldsvæðum, en ferðamenn á hinum svæðunum. Ferðamenn í Landmannalaugum eru umburðarlyndari gagnvart mannvirkjum, öðrum en fjallaskálum og tjaldsvæðum, en ferðamenn við Langasjó og í Lónsöræfum. Er um tölfræðilega marktækan mun að ræða. Athygli vekur að gestir Þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum eru marktækt meira á móti mannvirkjum, öðrum en fjallaskálum og tjaldsvæðum, en ferðamenn í Þjóðgarðinum í Skaftafelli ( $p < 0,013$ ). Af þessu má glögglega sjá að ferðamenn hafa ólíkar skoðanir á því hvaða aðstaða og uppbygging er æskileg á einstökum svæðum.

Ferðamenn voru auk þess spurðir hversu mikilvæg ýmis atriði væru fyrir þá á ferðalagi sínu um svæðið (tafla 11). Gestir Lónsöræfa og við Langasjó leggja almennt minna upp úr aðstöðu (lagða göngustíga, áningarstaði með nestisbord og bekki og að skoðunarverðir staðir séu merktir) en gestir hinna svæðanna. Eina undantekningin á þessu er mikilvægi göngubrúa í Lónsöræfum, enda væri illmögulegt að komast að Múlaskála ef Jökulsá væri ekki brúuð. Sérstaka athygli vekur að ferðamenn á öllum athugunarsvæðunum sex telja það

**Tafla 10** Skoðun ferðamanna á því hvort mannvirki séu æskileg innan svæðisins.

	Hótel/ gistiheimili	Fjalla- skálar/ sæluhús	Tjald- svæði	Verslanir/ veitinga- staðir	Bensín- stöðvar	Virkjanir/ mannvirki
<b>Langisjór</b>	1,78	4,26	4,39	1,33	1,24	1,28
<b>Lónsöræfi</b>	1,90	4,10	3,72	1,74	1,52	1,58
<b>Landmannalaugar</b>	2,18	3,07	3,29	2,52	1,97	1,68
<b>Skaftafell</b>	2,90	2,51	3,14	3,48	2,84	1,84
<b>Mývatnssveit</b>	3,77	4,11	4,08	3,69	3,78	2,95
<b>Jökulsárgljúfur</b>	2,39	3,59	3,89	2,73	2,55	1,69
<i>Meðaltal allra staða</i>	<i>2,75</i>	<i>3,34</i>	<i>3,62</i>	<i>3,04</i>	<i>2,69</i>	<i>1,97</i>
<i>ANOVA: F</i>	<i>79,59</i>	<i>53,51</i>	<i>28,41</i>	<i>79,47</i>	<i>74,27</i>	<i>52,66</i>
<i>df</i>	<i>5</i>	<i>5</i>	<i>5</i>	<i>5</i>	<i>5</i>	<i>5</i>
<i>p</i>	<i>0,000</i>	<i>0,000</i>	<i>0,000</i>	<i>0,000</i>	<i>0,000</i>	<i>0,000</i>

Meðaltalið byggir á 5 stiga Likert-kvarða (1 = mjög óæskileg ↔ 5 = mjög æskileg).

**Tafla 11** Mikilvægi einstakra þátta á stöðunum.

	Lagðir göngustígar	Göngubrýr	Óröskuð náttúra	Áningarstaðir	Merkingar
Langisjór	2,38	2,90	4,69	1,51	3,03
Lónsöræfi	1,90	4,10	3,72	1,74	1,58
Landmannalaugar	3,10	3,17	4,73	2,49	3,65
Skaftafell	3,37	3,31	4,60	2,59	3,82
Mývatnssveit	3,51	3,54	4,64	2,85	4,29
Jökulsárgljúfur	3,67	3,64	4,63	3,02	4,24
<i>Meðaltal allra staða</i>	<i>3,43</i>	<i>3,44</i>	<i>4,64</i>	<i>2,75</i>	<i>4,02</i>
ANOVA: F	27,40	12,75	0,94	32,34	51,40
df	5	5	5	5	5
p	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000

Meðaltalið byggir á 5 stiga Likert-kvarða (1 = alls ekki mikilvægt <-> 5 = mjög mikilvægt).

mjög mikilvægt að geta upplifað óraskaða náttúru og er ekki marktækur munur á milli staðanna í þessu eina atriði.

Fyrirnefnd spurning um mikilvægi ýmissa atriða (alls fjórtán) fyrir ferðamennina á ferðalagi þeirra um svæðið var síðan notuð til að greina ferðamenn með hlíðsjón af *viðhorfskvarðanum* í náttúrusinna, almenna ferðamenn og þjónustusinna. Með þessu móti er unnt að greina hvaða markaðshlutar finnast á þessum sex náttúruskoðunarstöðum og hafa niðurstöður þeirrar greiningar þegar verið birtar (Anna Dóra Sæþórsdóttir 2005). Í ljós kom að þjónustusinnar eru 39% gesta í Mývatnssveit og í Þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum, 34% í Þjóðgarðinum í Skaftafelli og um fjórðungur gesta í Landmannalaugum (tafla 12). Þeir eru hins

vegar fámennir í friðlandi á Lónsöræfum (18%) og við Langasjó (6%) á meðan almennir ferðamenn eru um þriðjungur gesta. Miklir náttúrusinnar eru aftur á móti hlutfallslega flestir við Langasjó (24%) og í Lónsöræfum (15%). Náttúrusinnar eru einnig flestir á þessum tveimur stöðum eða ríflega þriðjungur gesta. Náttúrusinnar eru aftur á móti fáir á hinum fjórum athugunarsvæðunum, eru frá 9% í Þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum til 26% í Landmannalaugum og miklir náttúrusinnar finnast þar varla.

Þessar niðurstöður undirstrika að ferðamenn í Lónsöræfum og á göngu-leiðinni Langisjór–Hólaskjól eru í andvígari uppbyggingu og þjónustu, viðkvæmari fyrir umhverfissröskun og vilja hafa færri ferðamenn í kringum sig en ferðamenn í

**Tafla 12** Skipting ferðamanna í náttúrusinna, almenna ferðamenn og þjónustusinna (%).

	Miklir náttúrusinnar	Náttúrusinnar	Almennir ferðamenn	Þjónustusinnar
Langisjór	24	35	35	6
Lónsöræfi	15	40	27	18
Landmannalaugar	3	26	47	24
Skaftafell	1	18	47	34
Mývatnssveit	0	11	50	39
Jökulsárgljúfur	1	9	50	39
<i>Meðaltal allra staða</i>	<i>2</i>	<i>15</i>	<i>48</i>	<i>35</i>

Þjóðgörðunum og í Mývatnssveit. Skoðanir ferðafólks í Landmannalaugum eru ekki eins afgerandi.

Helsta skýring á mismunandi samsetningu gesta er mismunandi aðgengi stöðunum, þar sem Lónsöræfi, Sveinstindur og Landmannalaugar eru inni á hálandinu, á meðan Þjóðvegur liggur í gegnum Mývatnssveitina og að Þjóðgörðunum tveimur. Önnur mikilvæg skýring liggur í þeirri þjónustu og aðstöðu sem stendur til boða á stöðunum. Á Lónsöræfum og við Langasjó er lágt þjónustustig en töluvert hærra í Landmannalaugum og enn hærra í Þjóðgörðunum og í Mývatnssveit. Því má segja að aðgengi, náttúrufarslegar aðstæður, innviðir og þjónusta sem til staðar er ráði því hverjir komi á staðina.

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir að greining þeirra gagna sem hér er kynnt er aðeins gerð með tilliti til samanburðar á helstu grunnþáttum sem spurt var um í könnuninni. Gögnin er hægt að greina mun betur á hverjum stað og samkeyra ýmsar áhugaverðar breytur. Sem dæmi má nefna að áhugavert er að kanna hvort munur er á viðhorfi dagsgesta og ferðamanna sem dvelja yfir nótt (tafla 13). Slík greining leiðir í ljós að munur er á skoðun þessara tveggja hópa til mismunandi þátta eftir stöðum. Væntingum þeirra sem gista í Landmannalaugum og Lónsöræfum er t.d. betur mætt en þeirra sem hafa þar stutta viðdvöl. Í Skaftafelli eru dagsgestir bæði ánægðari með dvöl sína og væntingum þeirra til náttúrunnar er betur mætt en þeirra sem gista. Aftur á móti upplifa dagsgestir í Mývatnssveit, Jökulsárgljúfrum og Landmannalaugum frekar hávaða en þeir sem gista. Í Jökulsárgljúfrum finnst þeim sem hafa skemmri dvöl vera hreinna en hinum. Einnig upplifa þeir meiri kyrrð. Dagsgestir í Mývatnssveit skynja frekar mannþröng en þeir sem þar gista.

Af þessu dæmi má sjá að hægt er að greina gögnin mun dýpra en rúmast í þessari grein. Upplýsingar sem þessar er hins vegar gott að hafa til hliðsjónar við áframhaldandi þróun ferðamennsku á þessum stöðum.

## UMRÆÐUR OG ÁLYKTANIR

### Þolmörk ferðamennsku og viðhorf ferðamanna

Þær niðurstöður sem hér hafa verið kynntar sýna fram á töluverðan mun á ferðamennsku eftir áfangastað ferðamanna, og jafnframt á skoðunum þeirra ferðamanna sem þá sækja. Greinilegt er að hinir ýmsu Þjóðernishópar sækja staðina heim í mismiklum mæli. Íslendingar eru á fáfarnari stöðum hálandisins, enda hægari heimatökin í upplýsingaleit og meiri þekking á stöðunum. Frakkar eru fjölmennir í Landmannalaugum og Bandaríkjamenn í Mývatnssveit. Íslendingar eru nokkuð stórt hlutfall í Þjóðgörðunum tveimur, að auki er algengast að gestir hafi komið þangað áður. Í Þjóðgörðunum er hins vegar mest um að erlendir gestir hafi aðeins stutta viðdvöl.

Almennt eru ferðamenn ánægðir með dvöl sína á áfangastöðunum. Það er þó eitt og annað sem kvartað er undan eins og t.d. hreinlætisaðstöðu og fjölmenni í Skaftafelli, Mývatnssveit og Landmannalaugum. Upplifun gesta á því hvort þeir skynji mannþröng og hvernig þeir upplifa samneyti sitt við aðra gesti sem deila með þeim áfangastaðnum virðist ekki alveg endurspeglar raunverulegan fjölda á stöðunum. Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum er gott dæmi um það. Þangað koma margir gestir en ferðamenn upplifa ekki mikinn fjölda. Þar kemur eflaust tvennt til. Annars vegar eru þjónustusinnar fjölmennir í Jökulsárgljúfrum en þeir upplifa síður mannþröng en aðrir. Auk þess hverfur fólk fljótt á milli kletta og trjáa og því auðveldara að dylja mannmergð. En nokkrir gestir gerðu þó athugasemdir við að hópar sem þangað koma séu of fjölmennir og hávaðasamir. Einnig kom fram að einhverjir árekstrar eru milli fólks á tjaldstæðinu. Sérstaklega mun þetta vera vegna mismunandi vökutíma Íslendinga og útlendinga. Íslendingar eru margir hverjir komnir í Þjóðgarðinn til þess að vaka lengi fram eftir við söng og drykkju en erlendir ferðamenn vilja taka daginn snemma. Stefna yfirvalda er að aðskilja mismunandi hópa ferðamanna

Tafli 13 Samanburður á sköðunum dags gesta og þeirra sem gista.

	Ánægja		Væntingar til...		Skynjun manna á umhverfinu...				
	nátúru og umhverfis	þjónustu	Fjöldi ferðamanna	mangert-náttúrulegt	hávert-kyrrt	óspillt-spilt	sóðalegt-hreint		
<b>Lónsöræfi</b>	Dagsgestir	4,61	4,55	<b>3,11</b>	2,75	3,88	4,39	1,56	4,50
	Ferðamenn	4,19	4,67	<b>3,82</b>	2,64	4,23	4,67	1,51	4,69
<b>Landmannalaugar</b>	Dagsgestir	4,31	4,49	<b>3,00</b>	2,45	3,62	<b>4,19</b>	1,93	4,34
	Ferðamenn	4,33	4,61	<b>3,37</b>	2,63	3,66	<b>3,92</b>	1,83	4,40
<b>Skaftafell</b>	Dagsgestir	<b>4,13</b>	4,42	3,10	2,49	3,54	3,90	2,00	4,50
	Ferðamenn	<b>3,91</b>	3,87	3,05	2,36	3,39	3,62	2,23	4,09
<b>Mývatnssveit</b>	Dagsgestir				<b>2,86</b>	<b>4,33</b>	<b>4,39</b>	2,41	4,48
	Ferðamenn				<b>2,74</b>	<b>4,06</b>	<b>4,33</b>	2,41	4,47
<b>Jökulsárgjúfur</b>	Dagsgestir				2,96	4,32	<b>4,54</b>	2,00	<b>4,73</b>
	Ferðamenn				3,01	4,36	<b>4,34</b>	2,07	<b>4,65</b>

Meðaltöl dálka byggja á 5 stiga Likert-kvarða, samkvæmt eðurfarandi skýringum:

Ánægja: 1 = mjög óánægður  $\leftrightarrow$  5 = mjög ánægður

Væntingar: 1 = alls ekki  $\leftrightarrow$  5 = fullkomlega

Fjöldi ferðamanna: 1 = of margir  $\leftrightarrow$  3 = hæfilegt  $\leftrightarrow$  5 = of fáir ferðamenn

Skynjun manna á umhverfinu: Fýrri orð = 1  $\leftrightarrow$  seinna orð = 5

Fetlettraðar tölur eru þar sem tölfræðilega marktækur munur er á milli dags gesta og þeirra sem gista, miðað við  $\alpha = 0,05$ .

á tjaldstæðum, s.s. tjaldferðamenn, hópferðamenn og fólk með felli- og hjólhýsi. Aðgerðir þjóðgarðsyfirvalda samræmast því skoðunum fólks hvað þetta varðar. Þessi skipting kemur þó ekki í veg fyrir árekstra milli Íslendinga og útlendinga. Hér reynir á landverði og þjóðgarðsvörð að herða eftirlit og reyna eftir fremsta megni að beina útlendingum á svæði fjarri Íslendingum ef koma á í veg fyrir óánægju gesta (Anna Dóra Sæþórsdóttir og Svanhildur Þorsteinsdóttir 2002).

Tölfræðilega marktækur munur reynist vera í samanburði á milli staðanna á öllum þeim breytum sem hér eru kynntar nema hvað varðar mikilvægi þess að geta upplifað óraskaða náttúru en gestir allra svæðanna leggja mjög mikið upp úr því.

Gestir hálendisins vilja almennt minni uppbyggingu og þjónustu en gestir á láglendi og eru sáttir við frumstæðari skilyrði. Eftir því sem hálendisstaðir verða vinsælli má álykta sem svo að þá breytist samsetning gesta og að á staðinn fari að koma gestir sem geri meiri kröfur um ágæti innviða og þjónustu. Landmannalaugar, sem er vinsælasti viðkomustaður ferðamanna á hálendinu, er dæmi um slíkt. Vegna þess mikla fjölda sem þangað kemur hefur þurft að ráðast í töluverðar framkvæmdir þannig að ásýndin samanstendur af ósamstæðum mannvirkjum og tjöldum auk bílastæðis með bæði einkabílum og rútum. Í gegnum tíðina hefur verið farið yfir þolmörk hinna ýmsu þátta í Landmannalaugum en með aukinni grunngerð hafa náttúruleg þolmörk svæðisins hækkað. Afleiðingin af þeirri uppbyggingu sem hefur farið fram í Landmannalaugum og þess fjölda sem þangað kemur, er hins vegar sú að svæðið höfðar ekki lengur til þeirra ferðamanna sem mestar kröfur gera til „ósnortinna víðerna“. Það er því komið fram úr þolmörkum sumra ferðamanna og þeir hætta að koma til Landmannalauga. Þessi hópur, svo kallaðir náttúrusinnar, leggur áherslu á í ferðalögum sínum að geta gengið um náttúruna án þess að rekast á mannvirki og að fjöldi ferðamanna sé ekki mikill (Anna Dóra Sæþórsdóttir 2004). Náttúrusinnar

eru fámennari í Landmannalaugum, en hinum hálendisvæðum tveimur eða 29% ferðamanna, á meðan þeir eru 55% gesta í Lónsöræfum og 59% gesta við Langasjó (Anna Dóra Sæþórsdóttir 2005).

Þessu væri hugsanlega hægt að breyta aftur með því að endurskoða staðsetningu bygginga í Landmannalaugum. Í stað þess að láta alla umferð og byggingar vera við laugarnar sjálfar væri hægt að flytja byggingar um það bil tvo kílómetra, þar sem afleggjarinn frá Fjallabaksleið í Landmannalaugar er, stundum kallað „Sólvangur“. Ósamstæð mannvirkin væru þá ekki hluti af ásýnd svæðisins og myndu ekki spilla einstakri litadýrð og formfegurð fjalla. Byggja þyrfti látausa þjónustumiðstöð við Sólvang þar sem grunnþjónusta stæði til boða. Hægt væri að draga úr vélknúinni umferð í Landmannalaugum með því að keyra fótalúna gesti inn eftir en banna aðra vélknúna umferð. Umferð farartækja og drunur vatnsdæluunar röskuðu þá ekki lengur öræfakýrrðinni. Fleira ferðafólk gæti þannig upplifað Landmannalaugar sem vin á öræfum Íslands og svæðið myndi höfða aftur til þeirra sem meiri kröfur gera til „ósnortinna víðerna“. Með þessu móti myndi nást betri dreifing gesta um svæðið og gestir yrðu enn ánægðari með heimsókn sína til Landmannalauga (Anna Dóra Sæþórsdóttir 2004).

Flestir þeir sem koma í friðlandið í Lónsöræfum eru almennt himinlifandi yfir hve frumstætt svæðið er og rannsóknin sýnir að flestir ferðamenn þar eru gagnert komnir til að upplifa slíkt umhverfi. Sumir gestanna kvarta hins vegar undan erfiðu göngulandi og takmarkaðri þjónustu. Staðhættir í friðlandinu á Lónsöræfum stjórna því að lítið eða ekkert er hægt að gera fyrir ýmsa göngustíga vegna brattlendis og mikillar hæðar sem sumar gönguleiðirnar liggja í. Aukin þjónusta og frekari ásýndarbreyting á hinu náttúrulega umhverfi friðlandsins myndi auk þess má út þá sérstöðu sem svæðið hefur sem ferðamannastaður í núverandi mynd og breyta þeirri ferðamennsku sem þar er nú stunduð. Það má því segja að landshættir

og takmarkað framboð innviða haldi þjónustusinum frá svæðinu (Anna Dóra Sæþórsdóttir 2003).

### **Skipulag ferðamannastaða með hliðsjón af afþreyingarrófinu**

Ef horft er á niðurstöður rannsóknarinnar frá þessum sex athugunarsvæðum í ljósi afþreyingarrófsins má segja að tilvalið sé að taka friðland á Lónsöræfum og svæðið Langisjór–Hólaskjól frá sem gönguland fyrir þá sem vilja reyna mikið á líkamlega getu sína og gera litlar kröfur um þjónustu og innviði. Jafnvel mætti huga að því að loka þeim akslóðum sem liggja að fjallaskálunum við Sveinstind og Skælinga til að losna við vélknúna umferð og utanvegaakstur en slíkt truflar upplifun göngumanna á víðernum. Með þessu móti væri jafnframt búið að staðsetja bæði svæði í 1. flokk afþreyingarrófsins – víðerni.

Þjóðgarðarnir tveir eru í fjórða flokki afþreyingarrófsins og Mývatnssveit í fimmta flokknum og eru aðgengileg náttúruleg svæði. Á þessu svæði koma margir gestir og því nauðsynlegt að bregðast við því með uppbyggingu innviða og þjónustu fyrir þessa ólíku hópa sem þangað koma. Þangað koma einnig margleitir hópar ferðamanna sem eru að sækjast eftir ólíkum upplifunum og gera mismiklar kröfur til þeirra svæða sem þeir heimsækja. Á sumum stöðum er líklega hægt að verða við mismunandi óskum og taka við margleitum hópum en á öðrum stöðum er nauðsynlegt að miða við einn ákveðinn markhóp.

Svo virðist sem að iðnaðarlandslag Mývatnssveitar með jarðvarmavirkjun, tilheyrandi borholum og leiðslum auk gömlu kísilgúrverksmiðjunnar trufla ekki upplifun ferðamanna á sérstæðum náttúruferðum sem fyrirfinnast í sveitinni. Því verður þó ekki svarað hér hversu langt má ganga í að umbreyta náttúrunni án þess að aðdráttarafi ferðamannasvæða fari að dvína heldur verður að bíða frekari rannsókna.

Mikilvægt er að hafa í huga það sem bent er á í afþreyingarrófinu að alls ekki skuli leitast við að gera öllum ferðamönnum til

hæfis við skipulagningu ferðamannastaðar heldur huga að sérstöðu hvers svæðis og miða við að uppfylla óskir þeirra ferðamanna sem aðhyllist ákveðna ferðamennsku og upplifun í sátt við umhverfi viðkomandi svæðis. Mikilvægt að átta sig á að á þeim svæðum hálandisins þar sem litlu hefur verið raskað eru náttúrusinnar sá markaðshluti sem býður upp á mesta möguleika sem markhópur. Ánægja þeirra eykst ekki með því að byggja staðina frekar upp og auka þjónustuna, heldur þvert á móti með því að halda svæðunum eins náttúrulegum og kostur er. Ferðamannastaðir í byggð eiga aftur á móti að gera enn betur en nú er gert og bæta þjónustu og innviði til að mæta kröfum þeirra sem þangað koma.

### **LOKAORÐ**

Eftirspurn eftir náttúruferðamennsku fer sífellt vaxandi (sjá t.d. Hof o.fl. 1994). Óspillt náttúra er hins vegar takmörkuð auðlind og á stöðugt undir högg að sækja vegna ólíkra sjónarmiða um landnotkun og vegna vaxandi umsvifa mannsins (Sandell 1992; Williams og Penrose 1998). Ferðalög um náttúrulegt umhverfi eru ein þeirra athafna sem ganga á þessa auðlind og getur aukinn ferðamannastraumur haft óafturkræfar afleiðingar í för með sér. Ferðaþjónustu sem gerir út á viðkvæma náttúru þarf því að skipuleggja starfsemi sína með það að leiðarljósi að náttúran skerðist ekki og tryggja þannig starfsgrundvöll sinn til áframhaldandi náttúruferðamennsku (Ahn o.fl. 2002).

Þegar vinna hefst við að móta landnýtingaráætlun fyrir ferðamennsku hér á landi þarf að átta sig á hvar á afþreyingarrófinu svæði eru og í hverju styrkleikar hvers svæðis liggja. Í ljósi þess er hægt finna út til hvaða markhóps verði er að höfða og haga uppbyggingu staðarins þannig að upplifun markhópsins verði sem jákvæðust. Brýnt er að hafa í huga að þolmörk ferðamanna gagnvart breytingum á umhverfinu ráða því hvert þeir leita og er mikilvægt að ákveðin þolmörk séu



skilgreind fyrir hvert svæði fyrir sig, og þar með ákvörðuð staðsetning þess innan afþreyingarrófsins. Með því móti næst hámarksnýting á landinu fyrir fjölbreytilega ferðamennsku, styrkari stöðum er rennt undir ferðaþjónustu og betur er stuðlað að sjálfbærri þróun greinarinnar. Þannig verður hægt að taka við sem flestum ferðamönnum, af mismunandi tegundum, án þess að ganga á þær auðlindir sem ferðamennska byggir á, meira en nauðsyn krefur.

Mikilvægt er fyrir ferðaþjónustu sem byggir á viðkvæmri náttúru og ímynd hins óspillta og villta, eins og gert er hér á landi, að skipuleggja náttúruskoðunarstaði með tilliti til þolmarka staðanna. Til þess að styrkja samkeppnisstöðu ferðaþjónustu á Íslandi er mikilvægt að vita hver séu ríkjandi viðhorf þeirra sem staðirnir laða að sér og haga uppbyggingu staðanna í samræmi við þann markaðshluta sem býður upp á mesta möguleika sem markhópur. Rannsóknir eins og þær sem birtar eru í þessari grein geta gefið mikilvægar upplýsingar hvað þetta varðar. Það má hins vegar ekki láta tilviljun eina, handahófskenndar fjárveitingar eða ákveðna þrýstihópa ráða því hvar og hvernig ferðamannastaðir byggjast upp.

## HEIMILDIR:

- Ahn, B. Y., B. Lee, og C.S. Shafer 2002: Operationalizing sustainability in regional tourism planning: an application of the limits of acceptable change framework. *Tourism Management*, 23(1): 1–15.
- Anna Dóra Sæþórsdóttir 2005: Greining á ferðamönnum með hjálp viðhorfskvarðans. Í: Ingjaldur Hannibalsson (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum V I*. Reykjavík: Háskólaútgáfan. Bls. 27–39.
- Anna Dóra Sæþórsdóttir 2004: Þversagnir í upplifunum og óskum ferðamanna á víðernum. Í Ingjaldur Hannibalsson (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum V*. Reykjavík: Háskólaútgáfan. Bls. 11–25.
- Anna Dóra Sæþórsdóttir (ritstj.) 2003: *Þolmörk ferðamennsku í friðlandi á Lónsöræfum*. Akureyri: Ferðamálaráð Íslands, Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri.

Anna Dóra Sæþórsdóttir og Svanhildur Þorsteinsdóttir 2002: *Þolmörk ferðamennsku í þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum. Viðhorf ferðamanna og stefna yfirvalda*. Reykjavík: Náttúruvernd ríkisins.

Anna Dóra Sæþórsdóttir 2001: Félagsleg þolmörk – Viðhorf gesta þjóðgarðsins í Skaftafelli. Í: Anna Dóra Sæþórsdóttir, Guðrún Gísladóttir, Arnar Már Ólafsson, Björn Margeir Sigurjónsson & Bergþóra Aradóttir: *Þolmörk ferðamennsku í þjóðgarðinum í Skaftafelli*. Reykjavík: Ferðamálaráð Íslands, Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri. Bls. 7–41.

Buhalis D. 2000: Marketing the competitive destination of the future. *Tourism Management*, 21(1): 97–116.

Buckley P.J. og S.I. Papadopoulos 1986: Marketing Greek tourism – the planning process. *Tourism Management*, 7(2) 86–100.

Ferðamálastofa 2006: Könnun meðal erlendra ferðamanna veturinn 2004–2005 heildarniðurstöður. <http://www.ferdamalastofa.is/> (Skodað í júlí 2006).

Fredman P. og L. Emilin 2001: Wilderness purism, willingness to pay and management preferences – A study of Swedish mountain tourists. *Tourism Economics*, 7(1): 5–20.

Hendee, J.C., W.R. Catton, L.D. Marlow og C.F. Brockman 1968: *Wilderness Users in the Pacific Northwest – Their Characteristics, Values and Management Preferences*. Portland: USDA Forest Service. Pacific Northwest Forest & Range Experiment Station (Research Paper PNW-61).

Hof, M., J. Hammett, M. Rees, J. Beinap, N. Poe, D. Lime og B. Manning 1994: Getting a handle on visitor carrying capacity – A pilot project at Arches National Park. *Park Science*, winter: 11–13.

Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Martin, B.S. og M. Uysal, 1990: An examination of the relationship between carrying capacity and the tourism lifecycle: management and policy implications. *Journal of Environmental Management*, 31: 327–333.

- Mohsin, A. 2005: Tourist attitudes and destination marketing – the case of Australia's Northern Territory and Malaysia. *Tourism Management*, 26(5): 723–732.
- Samgönguráðuneytið 2005: *Ferðamálaáttun 2006–2015*. Reykjavík: Samgönguráðuneytið.
- Sandell, K. 1992: Perceptions of landscapes – Perspectives on nature. Í: Lars J. Lundgren (ritstj.): *Views of Nature*. Stockholm: Forskningsrådsnämnden og Naturvårdsverket. Bls. 46–61.
- Stankey, G.H. 1973: *Visitor Perception of Wilderness Recreation Carrying Capacity*. Ogden: USDA Forest Service, Intermountain Forest and Range Experiment Station. (Research Paper INT-142).
- Stankey, G.H. 1982: Carrying capacity, impact management, and the recreation opportunity spectrum. *Australian Parks & Recreation*, May: 24–30.
- Vistad, O.I. 1995: I skogen og i skolten. Ein analyse av friluftsliv, miljøoppleving, påverknad og forvaltning i Femundsmarka, med jamføringar til Rogen og Långfjället. Trondheim: Geografisk Institutt, Universitetet i Trondheim (Dr. Polit. Avhandling).
- Wallsten, P. 1985: Fritidsnatur – var och hur? Modeller och begrepp för friluftslivets planering. Sveriges Lantbruksuniversitet (Rapport 34).
- Wallsten, P. 1988: *Rekreation i Rogen – tillämpning av en planeringsmetod för friluftsliv*. Trondheim: AVH, Universitetet i Trondheim. (KOMMIT-rapport 1988:2).
- Williams, P. W., R. W. Penrose, S. Hawkes 1998: Shared decision-making in tourism land use planning. *Annals of Tourism Research*, 25(4): 860–889.